

**Ed.**

**253. Frumvarp til laga**

[148. mál]

um breyting á lögum nr. 8 21. marz 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

14. og 15. töluliðir 1. gr. laganna orðist þannig:

14. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.
15. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Geithellnahreppur, Búlandshreppur og Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dýralæknaumdæmum á Austurlandi er þannig skipt samkvæmt gildandi lögum, að Austurlandsumdæmi nær suður að Breiðdalsheiði og Austur-Skaftafellssýsluumdæmi þangað austur.

Reynslan sýnir, að erfitt er fyrir dýralækninn á Hornafirði að veita þjónustu alla leið austur í Breiðdal. Auðveldara er fyrir íbúa Breiðdalshrepps að hafa samband við dýralækninn á Egilsstöðum, svo að þeir óska þess, að Breiðdalur verði framvegis í Austurlandsumdæmi.

Frumvarp þetta er í samræmi við þessar óskir Breiðdælinga. Í því felst sú breyting á gildandi lögum, að skilin milli dýralæknaumdæmanna verði ekki á Breiðdalsheiði, eins og nú er, heldur við mörkin milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.